

D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjaness 2. maí 2019 í máli nr. E-943/2018:

S. Saga ehf.

(Guðrún Hólmsteinsdóttir lögmaður)

gegn

Fashion Group ehf.

(Sævar Þór Jónsson lögmaður)

Mál þetta var höfðað 25. september 2018 og dómtekið 4. apríl 2019. Stefnandi er Saga ehf., Hamraborg 12, Kópavogi. Stefndi er Fashion Group ehf., Frjóakri 7, Garðabæ.

Dómkröfur stefnanda eru þær að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skuld að fjárhæð 2.356.000 krónur, ásamt dráttarvöxtum samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, af 1.240.000 krónum frá 10. október 2017 til 17. nóvember 2017, en af 2.356.000 krónum frá þeim degi til greiðsludags. Þá gerir stefnandi kröfu um málskostnað.

Stefndi krafðist þess aðallega að málinu yrði vísað frá dómi en til vara sýknu. Í báðum tilvikum er krafist málskostnaðar.

Með úrskurði dómsins 18. febrúar 2019 var frávísunarkröfu stefnda hafnað.

I.

Málsatvik eru þau að stefnandi er verkfræðistofa sem sérhæfir sig m.a. í verkfræðiráðgjöf og annarri tækniráðgjöf við byggingarframkvæmdir og mannvirkjagerðahönnun, ásamt þjónustu því tengdri.

Hinn 27. apríl 2017 gerði stefnandi tilboð í hönnun stálbyggingar að Desjamýri 6, Mosfellsbæ. Miðaðist tilboðið við hönnun á stálhluta hússins út frá teikningum VA arkitekta. Var tilboð stefnanda, fyrir hönnun burðarvirkis og lagna, að fjárhæð 3.350.000 krónur, án vsk. Í tilboðinu var nánar lýst hvað væri innifalið í tilboðinu og hvað ekki og að þetta yrði innheimt samkvæmt tilteknu tímagjaldi.

Málsaðilar gerðu samning um framangreint verk, dags. 10. maí 2017, sem var undirritaður 11. s.m. Átti stefnandi að hanna stálburðarvirki hússins, að undanskildum verksmiðjuteikningum „workshop drawings“. Nánar tiltekið átti stefnandi að sjá um hönnun stálvirkis, útreikning og koma nauðsynlegum upplýsingum til framleiðanda. Þá átti stefnandi að koma þeim gögnum til byggingarfulltrúa/eftirlitsaðila til samþykktar eins og reglugerðir segi til um, varðandi stál, út frá yfirförnum verksmiðjuteikningum. Greiðslur átti að inna af hendi eftir framvindu verksins. Reikningar yrðu gerðir í lok hvers mánaðar fyrir vinnu í líðandi mánuði. Gerði stefndi ekki athugasemdir við reikning innan tíu daga frá móttökudegi teldist reikningurinn samþykktur og skyldi greiðast eigi síðar en á

eindaga, en þá reiknuðust dráttarvextir. Þá var í ákvæðinu tímaáætlun en gert var ráð fyrir því að vinna stefnanda tæki um þrjár og hálfu viku til fimm vikur. Enn fremur kom fram í samningnum að stefnandi skyldi dreifa tölvuteiknuðum (Auto Cad) grunnmyndum, sniðum og útlitum til stefnda og annarra ráðgjafa verksins eftir þörfum og óskum stefnda.

Með tölvupósti fyrirvarsmanns stefnda, Freygarðs E. Jóhannssonar, dags. 26. febrúar 2018, var stefnanda tilkynnt að framangreindum samningi aðila væri rift. Í tölvupóstinum segir að ástæða þess sé að hönnunartími hafi átt að klárast í maí og júní 2017, en stefnda hefði ekki enn borist nein nothæf hönnunargögn frá stefnanda sem innlendir eða erlendir aðilar treystu sér til að nota til að skoða, meta og/eða verðleggja verkið. Þá tilkynnti stefndi að ekki yrði um frekari greiðslur að ræða til stefnanda en þegar hefði verið greitt, eða með greiðslu reiknings nr. 81, hinn 10. október 2017, að fjárhæð 1.240.000 krónur.

Við aðalmeðferð málsins gáfu skýrslu fyrirvarsmaður stefnanda, Vignir Jónsson, og fyrirvarsmaður stefnda, Freygarður E. Jóhannsson. Þá komu fyrir dóm sem vitni Sturlaugur Þorsteinsson, Jóhann Albert Harðarson, og Þorsteinn Kröyer. Verður vísað til framburðar þeirra síðar eftir því sem ástæða er til.

II.

Stefnandi byggir kröfur sínar á reikningi, á grundvelli hönnunarsamnings, dags. 11. maí 2017, á milli stefnda, Fashion Group ehf., sem verkkaupa og stefnanda, S. Saga ehf., sem verktaka. Samkvæmt tilboði 27. apríl 2017 hafi verið fyrir hönnun burðarvirkis og lagna verið 3.350.000 krónur, án vsk. Samkvæmt hönnunarsamningnum hafi stefnandi tekið að sér að framkvæma hönnun á stálvirki fasteignarinnar Desjamýri 6, Mosfellsbæ. Greiðslur skyldu inntar af hendi eftir framvindu verkefnis, þó skyldi haft til hliðsjónar 300.000 króna staðfestingargjald. Reikningar yrðu gerðir í lok hvers mánaðar fyrir vinnu í líðandi mánuði. Hefði stefndi ekki gert athugasemdir við reikning innan tíu daga frá móttökudegi teldist reikningurinn samþykktur. Krafa stefnanda sé tilkomin vegna vinnu við hönnun og teiknivinnu sem hafi verið unnin í september og október 2018 (sic) samkvæmt framlögðum reikningum og sundurliðist þannig:

Nr.	Útgáfudagur	Gjalddagi	Fjárhæð
1.	07.10.2017	10.10.2017	1.240.000
2.	01.11.2017	17.11.2017	1.116.000

Samtals nemi framangreindar fjárhæðir 2.356.000 krónum sem sé stefnufjárhæðin í máli þessu, auk dráttarvaxta og kostnaðar. Umsaminn gjalddagi í viðskiptum stefnda við stefnanda sé sá dagur sem fram komi hér að ofan og sé

stefnufjárhæð og dráttarvextir miðaðir við það tímamark.

Skuld þessi hafi ekki fengist greidd þrátt fyrir innheimtutilraunir og sé því nauðsynlegt að höfða mál til greiðslu hennar.

Um lagarök vísar stefnandi til reglna samninga- og kröfuréttar um loforð og efnidir fjárskuldbindinga.

Kröfu um dráttarvexti, þ.m.t. vaxtavexti, styður stefnandi við lög um vexti og verðtryggingu nr. 38/2001.

Krafan um málskostnað styðst við 1. mgr. 130. gr. laga 91/1991 um meðferð einkamála.

III.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að hann hafi rift samningi sínum við stefnanda með tölvuskeyti 26. febrúar 2018 vegna verulegra vanefnda stefnanda. Stefnandi hafi ekki mótmælt uppsögninni og því hafi stefndi verið í góðri trú um að riftunin hafi verið samþykkt. Stefnandi verði sjálfur að bera hallann af tómlæti sínu í þessum efnunum.

Stefndi telur að líta beri til þess að stefnandi hafi vanefnt samning aðila verulega. Í fyrsta lagi hafi stefnandi tafið skil verksins úr hófi fram, en heildartími þess samkvæmt samningi hafi átt að vera í mesta lagi fjórar vikur. Í febrúar 2018, eða átta mánuðum eftir umsamin verklok, hafi stefnandi ekki enn skilað nothæfum teikningum til stefnda. Í öðru lagi hafi vanefndir stefnanda falist í því að skila stefnda ekki nothæfum teikningum samkvæmt samningi, en það sé augljóst brot á aðalskyldu stefnda.

Riftun sé einhliða yfirlýsing sem feli í sér ákvöð og hafi réttaráhrif frá þeim tímamarki þegar hún kemur til viðtakanda. Við það tímamark falli skyldur samningsaðila niður og greiðslur eigi að ganga til baka eftir atvikum. Stefnandi byggir á því að greiðslur hafi aðeins átt sér stað úr hendi stefnda til stefnanda í samræmi við efni samningsins en stefnandi hafi ekki innt samningsskyldur sínar af hendi. Það halli af þeim sökum ekki á stefnda að skila neinum greiðslum heldur halli verulega á stefnanda í þeim efnunum. Af þeim sökum geti stefnandi nú ekki krafist frekari greiðslna úr hendi stefnda.

Stefndi byggir sýknukröfu sína á því að verkið, sem stefnandi krefjist greiðslu fyrir, hafi aldrei verið unnið eins og um var samið. Stefnandi hafi því aldrei fengið fullbúna afurð í hendur frá stefnanda. Það sé grundvallaratriði, hvort sem vísað sé til meginreglna samningaréttar eða kröfuréttar almennt, að í gagnkvæmum samningssamböndum myndist ekki greiðsluskylda fyrr en samningsskyldur séu uppfylltar, s.s. þegar seljandi afhendir kaupanda hlut eða vöru og eigi þá rétt á endurgjaldi fyrir.

Stefndi telur að það sem hann hafi nú þegar greitt stefnanda sé meira en hóflegt fyrir þessa vinnu, sérstaklega í ljósi þess að afrakstur vinnunnar hafi ekki nýst stefnda sem skyldi. Í ljósi þessa geti stefnandi ekki krafist stefnda um frekari greiðslur fyrir ónýtt verk. Sú vinna sem stefnandi hafi innt af hendi hafi reynst ófullnægjandi og ónothæf fyrir stefnda.

Fallist dómurinn ekki á sýknukröfu stefnda þá byggir hann á því að hann hafi þegar greitt stefnanda verulegar fjárhæðir sem taka þurfi tillit til. Í stefnu sé aftur á móti ekki gerð nein grein fyrir þessum greiðslum og af þeim sökum sé stefnda erfitt að grípa til varna. Í þessu samhengi verði einnig að hafa í huga heildarkostnað verksins samkvæmt tilboði. Stefndi eigi rétt á verulegum afslætti í ljósi vanefnda stefnanda á samningsskyldum sínum gagnvart stefnda. Sá afsláttur þurfi að taka tillit til þess kostnaðar sem stefndi hafi haft af því að fá annan aðila til þess að klára það verk sem stefnandi átti að sinna, tafa sem urðu vegna vanefnda stefnanda og kostnaðar sem stefndi hafi orðið fyrir sökum vanefndanna, þar með talið lögfræðikostnaður.

Um lagarök vísar stefndi til meginreglna samninga- og kröfuréttar. Þá byggir stefndi á ákvæðum laga um meðferð einkamála nr. 91/1991, einkum 16., 80. og 95. gr.

Málskostnaðarkrafa stefnda byggist á 129. og 130. gr. laga nr. 91/1991.

IV.

Eins og rakið hefur verið gerði stefnandi stefnda tilboð hinn 27. apríl 2017 í hönnun á stálburðarvirki að Desjamýri 6, Mosfellsbæ, og var tilboðið að fjárhæð 3.350.000 krónur. Málsaðilar undirrituðu samning um verkið, dags. 10. maí 2017, og var gert ráð fyrir að vinna stefnanda tæki um þrjár og hálfu viku til fimm vikur. Í febrúar 2018 rifti stefndi framangreindum samningi vegna meintra vanefnda stefnanda.

Í stefnu málsins segir að stefnandi geri kröfu um greiðslu reikninga vegna vinnu í september og október 2018, eftir að samningi aðila var rift, en af reikningunum verður ekki annað ráðið en að um sé að ræða vinnu í september og október 2017. Í fyrsta lagi er um að ræða reikning nr. 81, dags. 7. október 2017, með gjalddaga 10. s.m., að fjárhæð 1.240.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, vegna vinnu sem tilgreind er „hönnun og teiknivinna í sept. v/Desjamýri 6, Mosfellsbæ.“ Í öðru lagi reikningur nr. 85, dags. 1. nóvember 2017, með gjalddaga 17. s.m., að fjárhæð 1.116.000 krónur, að meðtöldum virðisaukaskatti, vegna vinnu sem tilgreind er „hönnun og teiknivinna í okt. v/Desjamýri 6, Mosfellsbæ.“

Fyrir dómi greindi fyrirsvarmaður stefnanda, Vignir Jónsson, frá því að stefnandi hafi átt að hanna stálvirki ofan á sökkla sem Ferill átti að sjá um. Það hafi

verið óskað eftir breytingum á verkinu í byrjun september, en halla á þaki hafi verið breytt og um einhver viðbótarverk hafi verið að ræða. Stefnandi hafi sent reikninga eftir framvindu verksins og hafi fyrsti reikningur verið sendur í október. Þá hafi stefnandi verið búinn að senda teikningar til Ferils þannig að hægt væri að hanna sökkulinn. Reikningurinn hafi hins vegar ekki verið greiddur en stefnandi hafi haldið áfram með verkið og sent teikningar til erlends stálframleiðanda í byrjun desember 2017. Stefnandi hafi síðan fengið þær upplýsingar frá stálframleiðandanum að hann gæti ekki lesið gögnin sem stefnandi hefði sent og engar teikningar komið til baka frá framleiðandanum. Stefnandi hefði síðar komist að því að Jóhann hjá Ferli væri farinn að vinna við að hanna stálvirkið og þannig gengið inn í verk stefnanda, án samþykkis stefnanda. Þá kom fram að stefnandi hefði ekki skilað neinum teikningum til byggingarfulltrúa þar sem stefnandi hefði ekki fengið teikningar frá framleiðanda til yfirferðar. Stefnandi hefði heldur ekki skilað teikningum til stefnda. Jafnframt sagði fyrirvarsmaður stefnanda að stefndi hefði greitt einn reikning frá stefnanda en þeirrar greiðslu er ekki getið í stefnu málsins þótt full ástæða hafi verið til þess.

Í máli þessu hefur stefnandi lagt fram til stuðnings kröfu sinni tilboð stefnda, samning aðila og reikninga stefnanda. Stefnandi hefur hins vegar ekki lagt fram gögn um þá vinnu sem liggur að baki umræddum reikningum, hvorki tímaskýrslu né teikningar. Stefndi heldur því fram að stefnandi hafi ekki skilað nothæfum teikningum og því beri að sýkna hann af kröfum stefnanda. Stefnandi skýrði sjálfur frá því fyrir dómi að stálframleiðandinn hafi ekki getað opnað gögn sem stefnandi sendi. Þá greindi vitnið Jóhann Albert Harðarson, sem tók við hönnun á stálburðarvirkinu eftir að stefndi rifti samningi aðila, frá því fyrir dómi að ekki hafi verið hægt að notast við það sem hefði legið fyrir frá stefnanda. Einnig kom fram hjá vitninu Þorsteini Kröyer, sem gerði samning við stefnda um byggingu stálgrindarhússins, að stefndi hefði engin hönnunargögn fengið frá stefnanda. Dóminum er ekki unnt að taka afstöðu til þess hvort það verk sem stefnandi innti af hendi hafi verið nothæft eða ekki þar sem stefnandi hefur ekki lagt fram gögn um vinnu sína svo dómurinn geti lagt mat á ágreining aðila. Af því verður stefnandi að bera halla. Með vísan til alls framangreinds verður stefndi sýknaður af kröfum stefnanda.

Eftir þessum úrslitum og með vísan til 1. mgr. 130. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála verður stefnandi dæmdur til að greiða stefnda málskostnað sem er hæfilega ákveðinn 350.000 krónur.

Dóm þennan kveður upp Sandra Baldvinsdóttir héraðsdómari.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Fashion Group ehf., er sýkn af kröfum stefnanda, S. Saga ehf.
Stefnandi greiði stefnda 350.000 krónur í málskostnað.

Sandra Baldvinsdóttir